



Russell M. Nelson  
forseti

# MÁTTUR MUSTERISINS

Í mars keypti Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu Kirtland-musterið. Þetta musteri var mikilvægur hluti endurreisnar fagnaðararindis Jesú Krists.

Hinn 3. apríl 1836 birtist Jesús Kristur Joseph Smith og Oliver Cowdery í Kirtland-musterinu. Frelsarinn tók á móti musterinu sem húsi sínu. Hann lofaði síðan: „Af miskunn mun ég **opinbera** mig fólki mínu í þessu húsi“ (Kenning og sáttmálar 110:7). Þetta loforð á við um öll musteri á okkar tíma.

Í musterinu getið þið hlotið svar við bæn. Þið getið líka hlotið trú, styrk, huggun, þekkingu og kraft. Stundir í musterinu munu hjálpa ykkur að hugsa himneskt og sjá hver þið í raun eruð og hver þið getið orðið. Það mun hjálpa ykkur að skilja hvernig þið passið inn í hina undursamlegu áætlun Guðs. Ég lofa ykkur þessu. ●



„MUSTERIÐ  
ER HLIÐIÐ  
AÐ ÆÐSTU  
BLESSUNUM  
GUÐS SEM  
HANN GEYMR  
HVERJU  
OKKAR.“

Russell M. Nelson forseti



opinbera:  
sýna eða gera  
kunnugt

MYNDSKREYTING EFTIR DAVID GREEN

Tekið úr „Fagnid yfir gjöf prestdæmislykla,“  
aðalráðstefna, apríl 2024.




## ÚRKLIPPUVERKEFNI

Klippið meðfram útjaðri Kirtland-musterisins. Brjótið síðan saman brotalínurnar og límið hliðarnar og þakið saman.



## HVAÐ ER KIRTLAND MUSTERIÐ?

Kirtland-musterið var byggt í Kirtland, Ohio, Bandaríkjunum, árið 1836. Það var fyrsta musteri hinnar endurreistu kirkju.



Síðar þurftu meðlimir kirkjunnar að yfirgefa það til að flytja vestur. Önnur kirkja sá um bygginguna í mörg ár. Nýlega keypti Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu musterið.